

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014, íbúðarsvæði við Miðdal, Heiðardal og Leirdal.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði við Miðdal stækkar til austurs sem nemur einni húsagötu, íbúðarsvæði við Leirdal stækkar um þrjár lóðir auk þess sem göngustígur austan núverandi íbúðarbyggðar færir austur í samræmi við breytingarnar. Á svæðinu sem breytingin tekur til er gert ráð fyrir einbýlis-, par- og raðhúsum á einni hæð, alls 18 íbúðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. maí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.